

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 277/2020, um veiðar á makríl 2020.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 11. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2019/2020 er ekki heimilt að framselja makríl sem fluttur hefur verið úr B flokki yfir í A flokk.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 6. maí 2020.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Erna Jónsdóttir.